

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Rafrænn fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 18. janúar 2024.

Fulltrúar LSS voru: Bjarni Ingimarsson og Guðmundur Þór Jónsson frá LSS. Ásgeir Þórisson frá LSS boðaði forföll.

Fulltrúar SNS voru: Ellisif Tinna Víðisdóttir, Raket Guðmundsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Viðbótarmenntun

LSS leggur fram greinargerð vegna greiðslu SHS fyrir viðbótarmenntun samvæmt 10. kafla kjarasamnings LSS og SÍS. Einhver munur virðist vera á greiðslum milli manna og ekki greitt samkvæmt túlkun LSS á 10. kafla kjarasamnings.

SHS hefur á undanförunum árum sett sér sínar eigin vinnureglur varðandi greiðslur vegna viðbótarmenntunar sem fulltrúar starfsmanna hafa hafnað á þeim forsendum að þær uppfylli ekki ákvæði kjarasamnings vegna greinar 10.2.5

Hækkun skv. grein 10.2.5 á þó einungis við þegar námið er ekki metið í starfsmati eða leiðir til þess að starfsmaður flyst í annað starf.

Hækkun samkvæmt grein þessari getur mest orðið 6% og skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið. Meginreglan við mat á námi er sú að einingar eru aldrei tvítaldar og að menntunin nýtist í starfi.

SHS hefur sett sér þær vinnureglur að greiða aðeins 4% fyrir háskólanám óháð því um hvaða nám ræðir. Fulltrúar starfsmanna hafa gert ítrekaðar athugasemdir að ekki séu greidd 2% fyrir hverjar 30 ECTS einingar þegar greitt er fyrir háskólanám auk þess sem ekki sé gætt samræmis í greiðslum þar sem a.m.k. einn einstaklingur fær „rétt greitt“ samkvæmt 10.2.5

LSS hefur í samræmi við stefnu BSRB lagt áherslu á að allt nám nýtist í starfi og þegar litið sé til starfa slökkviliðs og sjúkraflutningamanna sé sérstaklega horft til bygginga- og heilbrigðisgreina þegar háskólamenntun er metin. Einnig leggur LSS áherslu á að samræmis sé gætt milli starfsmanna þegar greitt er fyrir viðbótarmenntun samkvæmt greinum 10.2.3, 10.2.5 og 10.2.6

LSS óskar eftir því að greidd séu 2% fyrir hverjar 30 ECTS einingar, að hámarki 6%, samkvæmt grein 10.2.5 vegna diplómanáms á háskólastigi eins og getið er í greininni auk þess að greitt verði á sama hátt fyrir alla háskólamenntun til þess að gæta samræmis milli starfsmanna enda óeðlilegt að eingöngu sé greitt fyrir diplómanám á háskólastigi en ekki fullt háskólanám.

Niðurstaða:

SNS vinnur áfram í málinu og ræðir við SHS.

2. Verkskyldur

LSS leggur fram greinargerð vegna félagsmanna í BÁ deild LSS vegna þeirra starfskylda sem á þá eru settar á vinnutíma m.a. verkefni sem ekki ættu að falla undir starfssvið slökkviliðsmanna heldur iðnaðarmanna eða á heima hjá einkaaðilum. Í ráðningasamningum eru tilgreindar starfsskyldur en eins og í flestum samningum er getið um „önnur tilfallandi störf“ eða „önnur verkefni frá slökkviliðsstjóra“.

LSS telur mikilvægt að horft sé til þeirra menntunar sem slökkviliðsmenn fá í Brunamálaskólanum, hvaða verkefni sé eðlilegt að þeim sé falið og hvaða verkefnum er sinnt af einkaaðilum á samkeppnismarkaði.

LSS óskar eftir að skýrt sé að slökkviliðsmenn séu ekki settir í verkefni sem almennt eru ætluð fagaðilum eða gera má ráð fyrir að einkafyrirtæki sinni allan jafnan, nema sérstaklega sé um það samið við starfsmenn.

Niðurstaða:

SNS vinnur áfram í málinu og ræðir við BÁ.

3. Orlofsuppbót/persónuuppbót bakvaktarfólks

LSS leggur fram greinargerð vegna greiðslu orlofsuppbótar fyrir þá félagsmenn sem sinna bakvöktum en eru ekki í föstu starfshlutfalli. Ekki hefur verið greitt orlofsuppbót til þeirra í samræmi við gr. 1.7.1

Í framlengingu á kjarasamning LSS og SÍS sem gildir frá 1. október 2023 – 31. mars 2024 var gerð breyting til þess að koma í veg fyrir mismunandi túlkun rekstraraðila á grein 1.7.1. og settur inn skýringarkassi til að tryggja réttindi bakvaktarfólks.

LSS telur að ekki hafi verið ágreiningum um túlkun greinarinnar milli LSS og SNS en hins vegar hafi ákveðnir rekstraraðilar verið að mistúlka greinina og horft í textann en ekki tekið tillit til markmiðs og túlkun LSS. Með hliðsjón að framsetningu túlkunar LSS og SNS og samkomulags um reikni aðferðir sem leitt hefur til greiðslu persónuuppbótar í desember 2023 fyrir þennan hóp, er eðlilegt að greiða afturvirktt persónuuppbót í maí 2023 sem ekki var greidd vegna ágreinings við rekstraraðila en ekki SNS.

Niðurstaða:

SNS tekur málið áfram í samvinnu við LSS.

4. Álagsgreiðslur bakvaktir

LSS leggur fram greinargerð vegna greiðslu bakvaktaálags fyrir þá félagsmenn sem sinna bakvöktum og eru í dagvinnustarfi en taka bakvaktir fyrir utan dagvinnutíma.

Við undirritun kjarasamnings LSS og SÍS sem gildir frá 1. janúar 2020 og með framlengingu sem gildir frá 1. október 2023, er breytingar á grein 1.6.2 um bakvaktgreiðslur sem fellur inn í fylgiskjal 3 sem á við um vaktavinnufólk en í fylgiskjali 2 fyrir dagvinnufólk er ekki tiltekið um bakvaktir.

Fram af breytingu kjarasamnings með fylgiskjali 3 voru greiðslur vegna bakvakta þær sömu hjá vaktavinnufólki og dagvinnufólki en með breytingu er kominn upp mismunur á greiðslum eftir ráðningaformi. Við þetta myndast ákveðið ójafnvægi þar sem ekki eru greidd sömu laun fyrir sömu vinnu. Þessi mismunur á einnig við um kjarasamning stjórnenda LSS og SÍS.

LSS telur það óásættanlegt að ekki séu greidd sömu laun fyrir sömu vinnu hjá starfsstéttinni og gert sé upp á milli einstaklinga eftir ráðningaformi. LSS fer fram á að allir einstaklingar sem falla undir kjarasamning LSS og SÍS fái greitt eins fyrir bakvaktir og fylgi því greiðslur grein 1.6.2 með breytingum í framlengdum kjarasamning LSS og SÍS frá 1. október 2023.

Niðurstaða:

SNS tekur málið áfram verið að ræða það á stóra borðinu.

Fleira var ekki gert.